

#### **47. fundur háskólaráðs Háskólans á Hólum, settur hinn 21. desember 2015, kl. 15:05.**

Á Hólum: Bjarni K. Kristjánsson og Sveinn Ragnarsson. Í fjarfundi frá Keldnaholti: Erla Björk Örnólfsdóttir rektor, Katrín Sigurðardóttir og Emma Eyþórsdóttir. Helgi Sigurðsson og Jón E. Friðriksson boðuðu forföll. Hjördís Gísladóttir ritaði fundargerð.

Erla Björk setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna á síðasta fund þessa háskólaráðs. Hún stýrði fundi, sem hófst með framlagningu dagskrár til samþykktar, og síðan fundargerðar 46. fundar, til undirritunar.

Síðan gengið til dagskrár:

##### **1. Fjárhagur Háskólans á Hólum, staða 2015 og horfur 2016.**

Fjármálastjóri Háskólans á Hólum, Guðmundur Björn Eyþórsson, sat fundinn undir þessum lið og kynnti spár um helstu niðurstöður í þessu samhengi.

*Vegna 2015:* Áætluð niðurstaða, m.v. að launabætur skili sér að fullu, er 4,1 milljón kr. rekstrarhalli. Þrátt fyrir það er líklegt að skuld við ríkissjóð lækki.

*Vegna 2016:* Að ósk starfsmanns ráðuneytis var ný fjárhagsáætlun send inn þann 19. Desember til samþykktar af ráðuneyti. Miðað við óbreyttar forsendur er ekki ólíklegt að nýtilkomnar launahækkningar í kjölfar kjarasamninga og gerðardóms verði íþyngjandi fyrir rekstur skólans.

##### **2. Niðurstaða starfshóps um háskóla í NV-kjördæmi.**

EBÖ kynnti nýútkomna skýrslu starfshóps mennta- og menningarmálaráðuneytisins um Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskólann á Hólum og Háskólann á Bifröst.

Í téðri skýrslu eru þrjár megintillögur lagðar fram, og lúta þær að

- eflingu formlegs samstarfs skólanna á ákveðnum sviðum
- eflingu samstarfsnets opinberu háskólanna,
- viðurkenningu á sérstöðu lítilla háskóla í dreifbýli.

Enn fremur er hvatt til ákvarðana um önnur brýn málefni skólanna þriggja.

Á þessu stigi er óvíst um frekari framvindu þessa máls.

Auk EBÖ tók EE til máls undir þessum lið.

##### **3. Athugasemdir gæðaráðs háskóla og næstu skref.**

EBÖ kynnti bréf frá starfsmanni Gæðaráðst háskóla. Í því er þess óskað að Háskólinn á Hólum gera grein fyrir stöðu fjögurra tilgreindra þátta í umbótastarfi skólans fyrir 25. janúar nk.

Auk EBÖ tóku EE, BKK og SR til máls. EE velti fyrir sér hvort verið sé að elta ólar við atriði sem lægju óbætt hjá garði í stærri skólum.

##### **4. Rannsóknastefna Háskólans á Hólum.**

EBÖ kynnti nýfullgerða rannsóknastefnu Háskólans á Hólum.

BKK tók til máls, og kvað þetta starf til fyrirmyndar, og að slík stefna sé liggja óvída eða ekki fyrir hjá öðrum íslenskum háskólum. Hafið sé yfir vafa að þetta ætti að efla skólann, en sé aðeins fyrsta skrefið og í kjölfarið muni hver deild fyrir sig þurfa að setja fram sína eigin rannsóknaráætlanir, í samræmi við stefnu skólans.

Undir það tók EE.

Að umræðum undir þessum lið loknum, bar EBÖ rannsóknastefnu Háskólans á Hólum

upp til samþykktar eða synjunar, og var hún samþykkt samhljóða.

**5. Reglur um rannsóknaleyfi.**

EBÖ kynnti reglur um „rannsóknamisseri akademískra starfsmanna við Háskólann á Hólum.“ Hún skýrði frá því að þær væru byggðar á sambærilegum reglum við Lbhí og HA, og að vinnsla þeirra tengdist gerð stofnanasamnings við Prófessorafélagið. Í kjölfar fyrirspurnar frá EE áréttaði EBÖ að við Háskólann á Hólum eigi reglur þessar við alla akademíska starfsmenn.

BKK vakti athygli á að reglurnar byggðust á mikilli vinnu/umræðum, innan framkvæmdaráðs sem og rannsóknanevndar skólans.

EBÖ bar reglurnar upp til samþykktar eða synjunar, þær samhljóða samþykktar.

**6. Ferðareglur.**

EBÖ kynnti „reglur vegna utanferða“, og að tilgangur þeirra væri að gera akademískum starfsmönnum kleift að sækja ráðstefnur og kynna starf skólans, og auka þannig jafnræði þeirra við starfsmenn annarra sambærilegra stofnana. Vakti hún jafnframt athygli á sérákvæði er varðar reiðkennara skólans.

BKK tók til máls, og kvað setningu þessara reglna byltingarkennda framför, sem komi til með að skipta miklu máli fyrir akademískt starf skólans.

EBÖ bar reglurnar upp til samþykktar eða synjunar, þær samhljóða samþykktar.

**7. Reglur um framgang reiðkennara.**

EBÖ fól SR að kynna reglurnar, sem hafa þann tilgang að auka gæði starfsins og hafa nú tekið nokkrum breytingum frá eldri drögum. Mikil vinna hefur verið lögð í gerð þeirra, og hafa sérfræðingar bæði innan skólans og utan komið að henni, sem meðal annars hefur falist í að kynna sér sambærilegar reglur annarra skóla (um framgang á grundvelli sérfræðipækkingar), til dæmis SLU.

EBÖ bar reglurnar upp til samþykktar eða synjunar, þær samhljóða samþykktar.

**8. Önnur mál.**

**a. Reglur um lækkun kennsluskyldu akademískra starfsmanna Háskólans á Hólum.**

EBÖ kynnti reglurnar, sem hún kvað sambærilegar við reglur í öðrum háskólum og þurfa að fylgja stofnanasamningi sem gerður var í nóvember sl.

BKK gerði nokkrar athugasemdir við reglurnar, og SR tók að nokkru leyti undir þær.

Niðurstaða þessa fundar var að fresta afgreiðslu reglnanna, en að breytingar og endanleg afgreiðsla þeirra fari fram með tölvupóstsamskiptum.

**b. Nýtt háskólaráð Háskólans á Hólum.**

Skipunartími þessa háskólaráðs rennur út nú um áramót. EBÖ hefur sent ósk um nýjar tilnefningar til ráðuneytis mennta- og menningarmála, en svar hefur ekki borist. Fulltrúar Háskólans á Hólum skulu kjörnir á háskólafundi, sem boðað verður til í janúar.

Að umræðum loknum þakkaði EBÖ háskólaráðsmönnum fyrir vel unnin störf, og ráðsmenn skiptust á þökkum fyrir samstarfið og jóllakveðjum.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið kl. 16:05.